

Sb.

330. Tillaga til þingsályktunar

[133. mál]

um skóla fyrir fiskmatsmenn, verkstjóra í fiskiðnaði og aðra leiðbeinendur um fiskverkun.

Flm.: Ingvar Gíslason, Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér hið fyrsta fyrir setningu löggjafar um sérstakan skóla fyrir fiskmatsmenn, verkstjóra í fiskiðnaði og aðra leiðbeinendur um fiskverkun.

Greinargerð.

Fiskiðnaður Íslendinga fer vaxandi með ári hverju, og útfluttar sjávarafurðir eru langveigamesta gjaldeyrislind þjóðarinnar. Er talið, að 97% af útflutningnum séu fiskafurðir af ýmsu tagi og í ýmsu formi. Æ meira er nú að því stefnt að fullvinna fiskinn innanlands í nýttizku fiskiðjuverum, og er vart að efa, að sú þróun mun halda áfram að beinast í þá átt, að úr fiski og öðrum sjávarafurðum verði unnar fjölbreytilegri neyzluvörur en nú er. Má fullyrða, að fiskiðnaður er hér á landi sú atvinnugrein, sem nærtækast er að efla og mun að öðru jöfnu líklegust til þess að standast samkeppni við samkynja erlendan iðnað.

Það mun viðurkennt, að íslenzkur fiskur sé e. t. v. betri vara en sá fiskur, sem veiddur er á miðum annarra þjóða. Hins vegar er minna um það talað, að íslenzkur fiskiðnvarningur sé í nokkru betri en annarra þjóða, og kemur þar vafalaust til, að mjög brestur á, að ævinlega sé vandað til framleiðslunnar eins og unnt væri, ef allra nauðsynlegra skilyrða væri gætt. Er þar fyrst að telja, að í mörgum tilfellum skortir á um útbúnað vinnslustöðvanna sjálfra, og í öðru lagi hefur það orð legið á, að ekki væri gætt þeirrar nærfærni í meðferð fisksins, sem nauðsynleg er til þess, að hann reynist hæfur sem fyrsta flokks hráefni til vinnslu. Hefur þetta mál mjög verið til umræðu í blöðum og manna á meðal í vetur, enda nær einstakir atburðir, sem gerzt hafa í sumum verstöðvum, þar sem heilir bátsfarmar fisks hafa reynzt óhæfir til vinnslu sakir óvarlegrar meðferðar. Er þess að vænta, að slíkir atburðir endurtaki sig ekki.

Ef Íslendingar ætla að verða fyrirmyndar fiskiðnaðarþjóð, verður það ekki betur gert en með því að sérmennta fólk í þessari iðngrein. Undirstaða allrar iðnaðarinnar eru vel menntir starfsmenn og sérfræðingar í hverri þeirri grein, er iðnaðinum lýtur. Þörf þjóðfélagsins fyrir sérfræðilega þekkingu eykst og stöðugt á öllum sviðum og þá ekki síður í fiskiðnaði en öðru.

Allvel er séð fyrir undirbúningsmenntun í hinum almennu iðngreinum með verklegri kennslu og skólagöngu í samtals allt að því fjögur ár. Einnig er vel að landbúnaði búið með starfrækslu búnaðarskólanna, sem veita bændafnum og búnaðarráðunautum haldgóða þekkingu, sem að gagni má verða í störfum þeirra. Er kunnara en frá þurfi að segja, hve geysileg áhrif búnaðarskólarnir hafa haft á íslenzkan landbúnað, bæði til aukinnar framleiðslu, hagkvæmari vinnuaðferða og aukinnar vöruvöndunar.

Það hlýtur því að vekja furðu, að ekki skuli vera til í landinu skóli, sem sambærilegur sé búnaðarskólunum, er hafi það hlutverk að sérmennta þá, sem til forustu veljast á sviði fiskiðnaðar. Má það vart vansalaust heita, að svo illa sé búið að höfuðstoð íslenzkrar útflutningsframleiðslu. Úr þessu verður að bæta hið bráðasta, og er brýn þörf lagasetningar um þetta efni.

Flutningsmönnnum þessarar tillögu er kunnugt, að yfirmatsmenn hafa rætt þetta mál í sinn hóp, en lítt eða ekki fylgt því eftir á opinberum vettvangi. Fiskmatsstjóri hefur átt frumkvæði að allmörgum námskeiðum fyrir fiskmatsmenn á undanfórnum 12—13 árum, og hafa þau orðið til mikils gagns, svo langt sem þau náðu. En hér þarf meira til. Stofnun fasts skóla fyrir fiskmatsmenn og verkstjóra með fjölbreytilegum námsgreinum er brýnt hagsmunamál fiskiðnaðarins og allur frekari dráttur á málinu til óþurftar. Væri vel farið, að Alþingi hefði hér frumkvæði, og því er þessi þingsályktunartillaga flutt.